

163

13. des.

41. gr.
Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara hurt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

42. gr.

Enginn má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða, samkv. reglugerð þessari.

43. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er heldur ekki við, má gera einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—1000 krónum, nema þyngri refsing liggí við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-
reglumál.

46. gr.

Þegar reglugerð þessi öðlast gildi, er um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, Norðfirði, frá 3. maí 1929, og reglugerðir um breytingar á sömu reglugerð frá 15. des. 1939 og 17. sept. 1940, svo og öll önnur ákvæði, er kunna að fara í hág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 frá 4. júlí 1942, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. desember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um skömmtun á fiskilínnum.

164

15. des.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Bannað er að selja hvers konar fiskilínur, nema gegn sérstökum innkaupaleyfum, sem út eru gefin af Fiskifélagi Íslands í umboði skömmtunarskrifstofu ríkisins.

2. gr.

Leyfin skulu gefin út til ákveðins tíma og skulu þau stíluð á eigendur tiltekinna báta og miðuð við þyngd fiskilínanna, sem leyfðar eru.

3. gr.

Allir þeir, sem eiga birgðir af ónotuðum fiskilínunum, skulu þegar í stað senda Fiskifélagi Íslands skýrslu um birgðir sínar af fiskilínunum og efni í þær, og skulu skýrslurnar komnar eigi síðar en 23. des. 1944.

164
15. des.

4. gr.

Hver sá, sem óskar að fá keyptar fiskilínur, skal senda Fiskifélaginu umsókn um það.

Í umsókninni skal taka fram:

1. Heiti báts og stærð.
2. Útgerðartíma.
3. Útgerðarstað.

Þá skal umsækjandi og skuldbinda sig til að afhenda Fiskifélaginu til ráðstöfunar þá línu, sem hann kynni að fá út á innkaupsleyfið, ef hann ekki notar hana á hinum tiltekna tíma. Fiskifélagið tekur síðan ákvörðun um, hvort og að hve miklu leyti umsóknin skuli tekin til greina.

5. gr.

Sá, sem hefur í höndum innkaupsleyfi frá Fiskifélaginu, snýr sér til þeirra, sem framleiða eða verzla með fiskilínur og fær þar afhentan jafnmikinn þunga af fiskilínunum og leyfið hljóðar um, gegn afhendingu leyfisins.

Línuframleiðendur og verzlanir skulu senda Fiskifélagi Íslands um hver mánaðamót öll þau innkaupaleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

Nær skylda þessi til skýrslugerðar einnig til hráefnis, sem unnið er úr, og skulu skýrslurnar sýna, hve mikið hefur verið unnið úr því hráefni, hvort sem það eru fiskilínur eða annað.

6. gr.

Hver sá, sem flytur inn fiskilínur eða efni í þær, skal þegar í stað tilkynna Fiskifélagi Íslands innflutninginn.

7. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, kannað birgðir verzlana og framleiðenda af fiskilínunum og hráefni í þær.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.